



„Til móts við nýja tíma“

Íbúáping Súðavíkurhrepps

Greinargerð um íbúápingið og niðurstöður þess

2004



Efnisyfirlit

2.1.	Inngangur.....	4
3.1.	Dagskrá íbúapings.....	5
4.1.	Helstu niðurstöður.....	6
5.1.	Setning íbúapings.....	7
6.1.	Kynning á starfi sveitarstjórnar	8
7.1.	Skipt í vinnuhópa	8
7.2.	<i>Yfirskrift fjögurra vinnuhópa er sem hér segir:.....</i>	8
7.3.	<i>Unnið í vinnuhópum (Spurningum sem leitað var svara við)</i>	9
8.1.	Kaffi í boði sem nemendur Súðavíkurskóla höfðu umsjón með.....	11
9.1.	Nemendur 1.- 2. bekkjar kynna niðurstöður sínar.....	11
9.2.	Nemendur 3.- 10. bekkjar kynna niðurstöður sínar.....	12
10.1.	Þátttakendur vinnuhópa kynna niðurstöður sínar	13
10.2.	<i>Umhverfi og ásýnd.....</i>	14
10.3.	<i>Atvinnulíf og þjónusta.....</i>	16
10.4.	<i>Gott og samheldið samfélag.....</i>	18
10.5.	<i>Skólamál</i>	19
11.1.	Innsendum fyrirspurnum svarað.....	20
12.1.	Opnar umræður.....	23
13.1.	Áfram veginn.....	24

2.1. Inngangur

Sunnudaginn 14. mars 2004 var haldið íbúáþing Súdavíkurhrepps í Súdavík, undir yfirskriftinni **"TIL MÓTS VIÐ NÝJA TÍMA"**. Þingið sem stóð frá kl. 13:00 til 18:40 fór fram í Súdavíkurskóla og var m.a. unnið í svokölluðum vinnuhópum að ákveðnum málefnaflokkum. Á þinginu voru tekin fyrir öll helstu málefni er varða framtíðarsýn Súdavíkurhrepps og íbúum gefinn kostur á að koma hugmyndum og athugasemdum sínum á framfæri. Þátttakendur lýstu ánægju sinni með að efnt var til íbúáþingsins og lögðu áherslu á áframhaldandi samráð við íbúa, þar sem allir legðust á eitt um að taka þátt í framtíðarmótun sveitarfélagsins.

Greinagerð þessi tekur á því hvernig íbúáþingið var skipulagt, umgjörð þess og helstu niðurstöður vinnuhópanna.



Um 60 manns tóku þátt í íbúáþinginu og boðið var upp á gæslu fyrir yngstu kynslóðina og má telja að um 25 börn hafi verið þar. Þess má geta að um 17 ár er síðan Borgarafundur var haldin síðast í Súdavík, en það var 10. maí 1987 og var helsta málefni fundarins breytingar á eignahaldi stærsta fyrirtækisins í Súdavík. Málið var kallað „Frosta málið“ og snerist um yfirtöku Togs hf á fyrirtækjunum Frosta hf, Álftfirðing hf og Þorgrím hf.

Þó svo að stærsta fyrirtækið í Súdavík hafi staðið á tímamótum um það leyti sem íbúáþingið var haldið, var þingið ekki haldið gagngert vegna þess. Eitt af markmiðum þingsins var taka á málefnum á víðum grundvelli og að vinnan í málefnaþróunum myndi taka á flestum málum samfélagsins. Má segja að það markmið hafi náðst og út úr þinginu komu tillögur og viðhorf íbúa sem endurspegluðu alla helstu þætti sem máli skipta í sveitarfélaginu.

Undirbúningur fór að mestu fram á skrifstofu Súðavíkurbrepps og var fjallað um dagskrá og form þingsins á fundi sveitarstjórnar þann 11. mars 2004.

Fyrir þingið unnu annars vegar nemendur 1.-2. bekkjar og hins vegar nemendur 3.-10. bekkjar Súðavíkurskóla verkefni er varðar umhverfi og ásýnd, og lögðu þau formlega fram tillögur að úrbótum á völdum málefnum á þinginu.

Kynningin á íbúáþinginu fór fram þannig að kynningarbréf var sent út 27. febrúar og íbúum gefinn kostur á að senda inn fyrirspurnir fyrir 10. mars sem sveitarstjórn myndi síðan svara á íbúáþinginu. 10. mars var send út dagskrá og kynning á formi íbúáþingsins til íbúa Súðavíkurbrepps. Settar voru upp auglýsingar á helstu stöðum í Súðavík og var dagskráin jafnframt kynnt á heimasíðu Súðavíkurbrepps. Eftir að íbúáþinginu lauk sá sveitarstjóri Súðavíkurbrepps um að gera greinargerðina um íbúáþingið og kynna hana fyrir íbúum Súðavíkurbrepps.

3.1. Dagskrá íbúáþings:

13:00–13:10	Setning íbúáþings Súðavíkurbrepps
13:10–13:25	Tónlistaatriði nemenda Súðavíkurskóla
13:25–13:45	Kynning á starfi sveitarstjórnar fyrri hluta kjörtímabilsins 2002 – 2006
13:45–14:05	Innsýn inn í seinni hluta kjörtímabilsins 2002–2006 frá sjónarhóli sveitarstjórnar
14:05–14:45	Hópar vinna í eftirfarandi málefnum: <i>a. Umhverfi og ásýnd</i> <i>b. Atvinnulíf og þjónusta</i> <i>c. Skólamál</i> <i>d. Gott og samheldið samfélag</i>
14:45–15:05	Kaffi í boði
15:05–15:20	Nemendur Súðavíkurskóla kynna niðurstöður sínar
15:20–16:00	Þátttakendur kynna niðurstöður úr málefnum
16:00–16:15	Innsendum fyrirspurnum svarað
16:15–16:40	Opnar umræður
16:40	Þingslit

4.1. Helstu niðurstöður

Skilaboð íbúabingsins "TIL MÓTS VIÐ NÝJA TÍMA" voru mjög skýr að því er varðar framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið. Hér á eftir eru teknar saman helstu niðurstöður úr málefnaflokkunum fjórum.

- ✓ **Það vantar skilti fyrir utan þorpið, þar sem fram kemur t.d: „Velkomin til Súðavíkur“ og „Takk fyrir komuna“ eða „Góða ferð“.**
- ✓ **Mikilvægt er að sveitarfélagið reyni að laða til sín ný fyrirtæki með því að hjálpa þeim af stað í rekstrinum.**
- ✓ **Það er ekki áhugaverður kostur að fara í viðræður um sameiningu við núverandi aðstæður þar sem ekki er að sjá að sameining muni efla Súðavíkurhrepp**
- ✓ **Að hreinsað verði til í öllum hreppnum, og sérstaklega á þeim stöðum þar sem farið er að safnast saman drasl sem veldur sjónmengun.**
- ✓ **Setja upp ruslafötur víðsvegar í byggðinni t.d. á ljósastaura og við steinbekkina sem eru víða í innri byggðinni.**
- ✓ **Mikilvægt er að ná umferðahraðanum niður gegnum byggðina.**
- ✓ **Mikilvægt er að verja svæðið umhverfis tjörnina fyrir ágangi sjávar og hreinsa til við verksmiðjuhúsið.**
- ✓ **Að setja upp kennileiti í dreifbýli Súðavíkurhrepps, og sem fyrst verði byrjað að safna saman upplýsingum um kennileiti.**
- ✓ **Vilji hópsins var fyrir því að látið verði rannsaka hvort heitt vatn sé að finna í grennd við Súðavík.**
- ✓ **Að leitast verði við að finna svæði í grennd við Súðavík til að skipuleggja sem sumarbústaðasvæði.**
- ✓ **Hættulegt er að fara yfir Eyrardalsbrúna vegna umferðar. Gera þarf göngubrú eða setja vegrið við brúna.**
- ✓ **Ráða þarf leikskólafulltrúa sem myndi starfa fyrir Súðavíkurhrepp.**
- ✓ **Skoðaðir verði möguleikar með þá aðstöðu sem hefur verið grjótnáman okkar fyrir ofan innri byggðina. Um er að ræða stórbrotið svæði sem býður upp á mikla möguleika.**
- ✓ **Margir nemendur vilja hafa meira val í stundatöflu, þá sérstaklega meiri verklega kennslu s.s. smíðar og eða ljósmyndun.**

5.1. Setning íbúapings

Oddviti Súðavíkurhrepps, Salvar Baldursson setti íbúapingið og á eftir léku nemendur Súðavíkurskóla nokkur hugljúf lög og jafnframt stjórnaði Rúna Esradóttir fjöldasöng þar sem þátttakendur þingsins fengu að taka virkan þátt og láta ljós sitt skína.



6.1. Kynning á starfi sveitarstjórnar

Sveitarstjóri Súðavíkurbrepps, Ómar Már Jónsson kynnti það sem hefur áunnist í starfi sveitarstjórnar á fyrri hluta kjörtímabilsins 2002-2006 og gaf jafnframt þátttakendum innsýn inn í það sem framundan er á seinni hluta kjörtímabilsins 2002-2006, frá sjónarhóli sveitarstjórnar.



7.1. Skipt í vinnuhópa

Eftir kynningu á starfi sveitarstjórnar var farið yfir vinnulag og kynntar aðferðir til að nota innan málefnaþrópanna til að ná sem bestum árangri í þeim. Valdir höfðu verið hópstjórnar til að fara fyrir hverjum hópi, ef engin innan hópsins hefði áhuga á að sjá um fundarstjórn og kynningu á niðurstöðum hans.

7.2. Yfirskrift fjögurra vinnuhópa er sem hér segir:

- ✓ **Umhverfi og ásýnd**
- ✓ **Atvinnulíf og þjónusta**
- ✓ **Skólamál**
- ✓ **Gott og samheldið samfélag**

Starf vinnuhópa

Á þinginu gátu þátttakendur valið að taka þátt í einhverjum af ofangreindum málaflokkum og tekið þannig virkan þátt í að hafa áhrif á framtíðarmótun sveitarfélagsins.

Fyrirnefnd uppsetning íbúabingsins gerði það að verkum að íbúabingið var mjög ólíkt hefðbundnum borgarafundum m.a. þannig að á þinginu höfðu allir jafna möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

7.3. Unnið í vinnuhópum (Spurningum sem leitað var svara við)



- ✓ Hvað eigum við að gera við gamla Eyrardalsbæinn?
- ✓ Hvað getum við gert til að gera sveitarfélagið að enn betri valkosti til að búa og starfa í.
- ✓ Í hvaða hlutverki viljum við sjá samkomuhúsið okkar?



- ✓ Hvernig umhverfi viljum við skapa ferðafólki sem sækir okkur heim?
- ✓ Hvernig förum við að því að fjölga íbúum Súðavíkurbrepps?
- þ.e. umfram náttúrulegan innri vöxt á svæðinu
- ✓ Hvernig getum við eflt enn frekar tengsl okkar við Sumarbúa?



- ✓ Hvernig sköpum við vænlegt rekstarumhverfi fyrir sprotafyrirtæki?
- ✓ Hvernig fjölgum við störfum og nýjum atvinnutækifærum í Súðavík?
- ✓ Hvaða svæði eigum við að nota undir fiskhjalla sem fyrirhugað er að skipuleggja?



- ✓ Hvað eigum við að gera fyrir svæðið umhverfis Langeyrartjörnina?
- ✓ Hvað getur hver og einn gert til að gera Súðavíkurbreytingu að betri stað til að búa og starfa í?
- ✓ Hvernig eflum við samheldni íbúa sveitarfélagsins enn frekar?



- ✓ Hver er afstaða okkar til sameiningarmála við önnur sveitarfélög?
- ✓ Hvernig getum við stutt og eftt áhugasama einstaklinga innan svæðisins enn frekar til dáða?
- ✓ Hvernig viljum við að Súðavík líti út eftir 5 ár?,
- *hvað búa hér þá margir, hvaða atvinnu-
möguleikar eru fyrir hendi o.s.fr.*

8.1. Kaffi í boði sem nemendur 5. – 10. bekkjar höfðu umsjón með




- ✓ Meðan á þinginu stóð var boðið upp á kökur og aðrar kræsingar sem nemendur Súðavíkurskóla sáu um. Engin þurfti því að fara svangur heim að þingi loknu.

9.1. Nemendur 1.- 2. bekkja kynna niðurstöður sínar



- ✓ „Það vantar vegasalt og klifurgrind á skólavöllinn. Við leggjum til að vegasaltið og klifurgrindin verði staðsett bak við leikskólann“.



- ✓ „Hér í Súðavík vantar smíðavöll. Hann mætti vera staðsettur fyrir neðan húsið hennar Wendyar og Valla eða þá fyrir ofan bílastæðin íþróttamegin“.

9.2. Nemendur 3.- 10. bekkjar kynna niðurstöður sínar



- ✓ Það vantar skilti fyrir utan þorpið, þar sem fram kemur t.d: **„Velkomin til Súðavíkur“** og **„Takk fyrir komuna“** eða **„Góða ferð“**.
- ✓ „Einnig vantar hér millistóra sundlaug, með tveimur heitum pottum sem staðsett yrði við íþróttarhúsið (samnýting á búningsklefum).

Afbreytingu fyrir alla þorpsbúa, stóra sem smáa og ferðafólk. Þannig gætum við fengið skólasundið heim og sloppið þannig við rútuferðirnar“.

- ✓ „Skautasvell á Tjörnina, upplýst og með eftirlitsmanni. Sniðugt væri að selja inn á svellið“.
- ✓ Skíðasvæði með einni skíðalyftu eins og var í gamla daga. Byggð á öruggu svæði ofan við nýja þorpið eða þar fyrir innan.
- ✓ Ramp á skólavöllinn fyrir hjólabretti, línuskauta, hlaupahjól og fleira.



- ✓ Fótoltavöllurinn v/Vallargötu þarfnast viðgerðar, setja þarf ný og minni mörk og girða hann af.
- ✓ Útivistarsvæði í gamla þorpinu (Raggagarður). Við nemendur erum tilbúin til þess að leggja okkar að mörkum þannig að garðurinn verði að veruleika, t.d. með því að halda tombólur, kökubasar, maraþon (safna áheitum) og fleira.

- ✓ Það vantar hér sjónvarpsstöðina Skjá 1 og Sýn og útvarpsstöðina Bylgjuna.
- ✓ Vantar að setja upp ísvél í Víkurbúð og mikilvægt að það verði ís frá Kjörís!
- ✓ Að komið verði á smíðakennslu í Súðavíkurskóla.
- ✓ Fyrst og fremst viljum við nemendur að hér skapist fjölbreytt atvinnutækifæri, þannig að fólksfjölgun verði í þorpinu og fleiri ný hús verði byggð í kjölfarið!

10.1. Þátttakendur vinnuhópa kynna niðurstöður sínar

Í vinnuhópunum var farið vítt og breitt yfir þau málefni sem voru ofarlega á baugi og þátttakendur beðnir að benda á viðfangefni sem þörfuðust úrlausna og síðan að koma með tillögur eða leiðir að lausnunum. Hópstjórar stýrðu umræðum innan hópanna og voru sameiginlega myndaðar tillögur að lausnum. Hér á eftir eru birtar helstu niðurstöður þeirra fjögurra hópa sem settir voru upp.

10.2. Umhverfi og ásýnd

Almennt

- ✓ Mikilvægt að fá betri heildarmynd af bænum, með því að setja upp fjölbreyttari gróður s.s. blóm og þ.h.
- ✓ Hreinsa þarf "drasl" fyrir neðan blokkina þ.e. Aðalgötu 2, í ytri byggðinni.
- ✓ Setja upp ruslafötur víðsvegar í byggðinni t.d. á ljósastaura og við steinbekkina sem eru víða í innri byggðinni.
- ✓ Vantar handrið á Eyrardalsbrúna.
- ✓ Mikilvægt að Arnarflatarhúsin verði afgangur með gróðri, en umsjón með þeim gróðri hefur verið ábótavant.
- ✓ Laga þarf opna svæðið innan Álfabyggðar.
- ✓ Skoðaðir verði möguleikar með þá aðstöðu sem hefur verið grjótnáman okkar fyrir ofan innri byggðina. Um er að ræða stórbrotið svæði sem býður upp á mikla möguleika.
- ✓ Laga þarf svæðið upp á stíflu og við vatnsveituna
- ✓ Mikilvægt að koma upp opnu svæði fyrir börn þar sem þau geta t.d. byggt kofa og leikið sér. Hugmyndir um svæði gæti verið Melarnir, svæðið fyrir innan Holtagötu eða innst í Holtagötunni.
- ✓ Að þrýsta á að gera jarðgöng frá Sauradal yfir í Engidal, mikilvægt að halda því á lofti og minna stöðugt á þörf þess.



Göngustígar

- ✓ Göngustíginn milli Holtagötu og Grundarstrætis þarf að laga, mölin í honum er of gróf og stígurinn of brattur. Til að laga það þarf að setja í stíginn palla sem þó væri hægt að keyra barnavagn á. Einnig þarf að lýsa upp göngustíginn.
- ✓ Einnig þyrfti að upplýsa göngustíginn við Eyrardal. Það þarf að klára hann með því að halda áfram með hann fram með Aðalgötu og síðan að setja upp göngubrú yfir ána. Spurning um að setja jafnframt handrið við brattasta hluta þess stígs.

Umferðahraði gegnum byggðina

- ✓ Mikilvægt er að ná umferðahraðanum niður gegnum byggðina. T.d. með því að setja upp hraðahindranir á Aðalgötunni. Ef nota á áfram þær tvær hindranir sem hafa verið notaðar undanfarin ár mætti fylla þær af blómum til að gera þær fallegri ásýndar. Annars mætti skipta þeim út fyrir annars konar hindranir þar sem núverandi hindranir geta verið frekar hættulegar þar sem þetta eru litlar umferðareyjur sem komið er fyrir á miðri götu.
- ✓ Einnig vantar hraðahindrun í innri byggðina og jafnframt þarf að færa innra byggðamerki Súðavíkur nær Langeyrar afleggjaranum.
- ✓ Til að ná niður umferðahraða mætti setja upp "plat" skilti sem segði að myndavélar væru til staðar.

Langeyrartjarnarsvæðið

- ✓ Mikilvægt er að verja svæðið umhverfis tjörnina fyrir ágangi sjávar og hreinsa til við verksmiðjuhúsið.
- ✓ Að láta gera hólma í tjörnina fyrir fugla.
- ✓ Að Langeyrarsvæðið verði gert aðgengilegt bæði fyrir fugla sem og fólk og búið til göngusvæði. Einnig mætti hækka vatnsborðið í tjörninni og nýta hana sem skautasvæði og jafnvel lýsa svæðið upp. Sem sagt að gera Langeyrartjörn að Paradísar útivistarsvæði.
- ✓ Setja upp litla bryggju við verksmiðjuna, þ.e. við innsta bilið á Langeyri þar sem hægt væri að stýra litlum rafknúnum bátum frá og gera aðgengi fyrir vatnaþotur.
- ✓ Að byggt verði utan um svæðið sem hefur verið notað fyrir áramótabrennuna og gengið þannig frá svæðinu að það verði ekki "ruslahaugur".

Dreifbýli Súðavíkurhrepps

- ✓ Að setja upp kennileiti í dreifbýli Súðavíkurhrepps, og sem fyrst verði byrjað að safna saman upplýsingum um kennileiti.
- ✓ Að hreinsað verði til í öllum hreppnum, og sérstaklega á þeim stöðum þar sem farið er að safnast saman drasl sem veldur sjónmengun.
- ✓ Að athugað verði með mögulega styrki í einhverri mynd fyrir dreifbýlisbæi til að standa undir kostnaði við umhirðu síns svæðis ef þess þarf.

Gamli Eyrardalsbærinn

- ✓ Skiptar skoðanir voru um hvað eigi að gera við gamla Eyrardalsbæinn. Nokkrir vildu að hann yrði fjarlægður meðan aðrir vildu að fengið yrði álit Húsafríðunarnefndar og gerð yrði kostnaðaráætlun og skoðaður yrði mögulegur rekstrargrundvöllur fyrir húsið. Einnig að leitað yrði eftir fjármagni til lagfæringar.

10.3. Atvinnulíf og þjónusta

Atvinnumál

- ✓ Mikilvægt er að sveitarfélagið reyni að laða til sín ný fyrirtæki með því að hjálpa þeim af stað í rekstrinum. T.d með því að styrkja þau um andvirði fasteignagjalda fyrstu 5 árin. Menn voru heldur neikvæðir á að sveitarfélagið tæki þátt í rekstri fyrirtækja með eignarhlut en vildu þó ekki útiloka þann möguleika.



Rækjuverksmiðjan

- ✓ Mikið var rætt um hugsanlega aðkomu sveitarfélagsins að rekstri rækjuvinnslunnar. En þar sem allar tölur þar að lútandi eru trúnaðarmál allavega enn sem komið er, var ekki hægt að ræða þetta mál af neinu viti. Þó virtist fólk í hópnum almennt vera á móti allri þátttöku í þessum rekstri.

Landbúnaður í Djúpinu

- ✓ Þátttakendur hópsins voru sammála um að hvorki staða né horfur í landbúnaði í Djúpinu væru góðar. Ekki fundust neinar lausnir á þessu máli. Þó talaði Sigurjón um að þar sem fámennt væri í Djúpinu og smalamennskur erfiðar, væri mikill styrkur í aðstoð við smölnun, bæði í smöllum og jafnframt ef hægt væri að fá flugvél til að yfirfara svæði í eftirleit.

Safnamál

- ✓ Flestir voru á þeirri skoðun að Eyrardalsbærinn mætti missa sín. Að öðru leiti var lítið rætt undir þessum lið annað en ánægja með að Súðavíkursafnið skuli vera komið af stað og von um áframhald á þeirri braut.

Þjónusta

- ✓ Ábending til sveitarstjórnar, um að láta moka fyrr innan byggðarinnar, þegar það er ekki gert strax, er meiri hættu á klakamyndun. Einnig mætti moka oftari niður við höfn og einnig er mikilvægt að moka gangstéttirnar.
- ✓ Fram kom óánægja með þann sandburð sem var sl. vetur til hálkuvarna, en sandinum er þeytt allt of mikið og of langt. Lagt er til að þessi þjónusta verði boðin út eða að heimamaður verði fenginn til að sjá um sandburðinn.
- ✓ Allir voru sammála um að mikilvægt sé að það sé þrýst á um að lækni komi oftari og reglulegar í heilsugæslustöðina, þ.e. að hann mæti þennan eina dag vikunnar sem hann á að vera þar og sveitarstjórn mætti beita sér í því að halda því í lagi.

Annað

- ✓ Vilji hópsins var fyrir því að rannsakað yrði hvort heitt vatn sé að finna í grennd við Súðavík.
- ✓ Að leitast verði við að finna svæði í grennd við Súðavík til að skipuleggja sem sumarþustaðasvæði.
- ✓ Hópurinn var sammála um að leggja það til að graseyjurnar sem þrengja göturnar í innri byggð Súðavíkur verði fjarlægðar og malbikað í staðinn.

10.4. Gott og samheldið samfélag

Málefni:

1. Samvera foreldra og barna lykill að góðu samfélagi.
2. Foreldravænt samfélag m.t.t. vinnuaðstæðna.
3. Samvera þorpsbúa sjálfra.
4. Skautasvell á Langeyrartjörn.
5. Heilbrigðisþjónusta og ungbarnaeftirlit.
6. Kaffihúsakvöld.
7. Göngubrú yfir Eyrardalsá.
8. Námskeiðahald.
9. Menningarhús í Eyrardalsbænum.

Aðgerðir:

1. Skapaður verði grundvöllur fyrir samveru eldri og yngri Súðavíkinga (fyrir utan skólaskemmtanir) s.s. handverkshús og / eða leikflokk.
2. Margir foreldrar myndu verja meiri tíma til samfélagsverkefna eða með börnum sínum ef boðið væri upp á hálf dags störf í frystihúsinu. Síðustu ár hafa bara þrjár konur notið þeirra forréttinda.
3. Efnt verði til samveru s.s. "götugrills" (eða götuskötu) til að treysta böndin.
4. Tjörnin verði hreinsuð af snjó á veturna og kannski flóðlýst þegar iðngarðarnir verða komir upp.
5. Nokkur brögð eru að því að lækniheimsóknir bregðist. Er það sérstaklega bagalegt fyrir eldri borgara. Knýja þarf á um að heilbrigðisþjónustan standi við samkomulag. Ungbarnaskoðun fer að jafnaði fram á Ísafirði og því þarf að breyta.



6. Þorpsbúar skipuleggi samveru á Jóni Indíafara eða í Samkomuhúsinu.
7. Hættulegt er að fara yfir Eyrardalsbrúna vegna umferðar. Gera þarf göngubrú eða setja vegrið við brúna.
8. Endurskoða þarf leiguverð á húsnæði skólans þegar halda á námskeið eða fundi í húsnæðinu og taka þá tillit til umfangs og rasks í kringum hvern fund/námskeið.
9. Ljóst er að erfitt verður að fjármagna svo viðamikla aðgerð sem endurbyggingu Eyrardalsbæjarins. Á meðan verið er að safna peningum eða styrktaraðilum má "flikka upp á" húsið með málningu og gluggahlerum og tryggja að ekki verði fok. Leita má til Norðurlandanna með styrki t.d. norskra menningarmálasjóða eða Norrænu ráðherranefndarinnar (vegna sérstakrar tengingar hússins við Norðurlöndin).
10. Rætt var um möguleikann á því að gera Súðavík að vistvænu samfélagi þar sem endurnýting sorps og notkun vistvænna efna yrði höfð í hávegum.

10.5. Skólamál



Grunnskólinn

- ✓ Nemendur í efri deildum töluðu um að þeir myndu vilja hafa meira val í stundatöflu og finnst vanta meiri verklega kennslu hér í skólanum og í því sambandi var talað um smíðar og ljósmyndun.
- ✓ Einnig kom fram að þeir myndu gjarnan vilja hafa meira samneyti við unglinga í öðrum skólum á svæðinu,

og var þá aðallega hugsunin á bak við það, að það getur verið erfitt að byrja í framhaldsskóla og þekkja fáa, það má segja að þetta sé til að styrkja félagsleg tengsl unglinganna.

Hvað varðar aðstöðu og allan aðbúnað virðist vera almennt ánægja með þá þætti en auðvitað má alltaf gera gott betra.

Tónlistarskólinn

Það þyrfti að auka fjölbreytileikann í tónlistarnámi almennt hér þannig að fólk hefði meira val. Eins og staðan er í dag er eingöngu boðið upp á píanókennslu.

- ✓ Hugmyndir komu upp að ráða þyrfti manneskju í meira starf hér við útibúið sem gæti þá sinnt fleiri þáttum sem snúa að tónlist og tónlistarkennslu.
- ✓ Annar möguleiki er sá að hreppurinn kæmi að þessu með því að bjóða nemendum upp á akstur ef þeir vildu sækja nám út á Ísafjörð.

Félagsmiðstöðin

- ✓ Anægjulegt er að félagsmiðstöðin sé komin á þroskabraut og í öruggum farvegi ef svo mætti segja, en þó mætti vera meira samband við aðrar félagsmiðstöðvar á svæðinu.

11.1. Innsendum fyrirspurnum svarað

Átta fyrirspurnir bárust á skrifstofu Súðavíkurrepps, bæði með tölvupósti og bréfleiðis áður en þing hófst. Oddviti Súðavíkurrepps tók að sér að fara yfir innsendar fyrirspurnir og vinna svör við þeim sem kynnt voru á íbúáþinginu og eru hér sett fram.

Fyrirspurn 1.

Göngustígur eða gangbraut milli innri og ytri byggðar

„Mig langar að vita hvort það sé komið á skipulag hreppsins að tengja gömlu byggðina við nýju byggðina með göngustíg eða gangbraut frá enda Túngötu við tjaldstæði niður að Tröð og gera göngubrú yfir Eyradalsána að enda göngustígs þar?

Og hvort það sé ekki mjög brýnt mál þar sem gangandi umferð í Súðavík er mikil á sumrin og fer vaxandi“.

Svar við fyrirspurn 1

„Á skipulagi er göngustígur sem tengir saman ytri og innri byggð Súðavíkur, ekki hefur verið tekin ákvörðun hvernig tengingu yfir Eyrardalsá verður háttáð. Varðandi stíg frá tjaldsvæði að Tröð, hann er ekki á skipulagi en ætti ekki að vera mikið mál að koma honum fyrir“.

Fyrirspurn 2

Göngustígur frá Holtagötu að Álftaveri

„Hvort Súðavíkurreppur ætli ekki að klára göngustíga frá Holtagötu niður hólinn að Álftaveri? Og hvort það standi til að lýsa upp með einn göngustíginn þar sem erfitt er að fara stíginn í skammdeginu í myrkri?“

Svar við fyrirspurn 2

„Það liggur fyrir að lagfæra þennan stíg. Það hefur ekki verið rætt um lýsingu á stígunum“.

Fyrirspurn 3

Göngustígur frá Holtagötu að Álftaveri og stígur innst í Holtagötu

„Ábending í sambandi við göngustíginn, utan við Holtagötu 6, sem liggur frá Holtagötu og niður á Grundarstræti. Að mínu mati, og flestra þeirra sem nota þennan stíg, (og eru þeir allmargir) er þessi stígur ekki nema hálfkláraður. Hann er alltof grófur þ.e.a.s. í brekkunni og getur því verið hættulegur, sérstaklega í myrkri. Mín tillaga varðandi þennan stíg er að í hann verði settar tröppur (pallar) með mátulega grófri mól og jarðvegstimbri sem viðhald. Ætti það ekki að verða of hált í frosti. Einnig er þörf á því að setja upp einn ljósastaur á brekkubrúnina svo fólk sjái fótum sínum forráð í skammdeginu. Mér finnst skammarlegt að skilja þennan stíg eftir svo illa unninn, eins mikið og hann er notaður, miðað við að sumir stíganna eru lagðir slitlagi. Einnig má benda á að stígurinn innst í Holtagötunni niður á Grundarstræti, er líka alltof grófur. Með von um úrbætur okkur öllum til hagsbóta.

Svar við fyrirspurn 3

„Sama og svar við fyrirspurn nr. 2“.

Fyrirspurn 4. Skilti við bæjarmörkin

„Stendur til að setja skilti við bæjarmörkin um að hér séu börn að leik eins og er í Hólmavík?“

Svar við fyrirspurn 4

„Nei, en þörf ábending“.

Fyrirspurn 5. Dreifing ljósvakaefnis til Súðavíkur

„Hefur eða ætla hreppsnefnd að beita sér fyrir því að Sýn eða aðrar rásir sem ekki nást hér nú komi til Súðavíkur, svo Súðvíkingar sitji við sama borð og nágrannasveitarfélög?“

Svar við fyrirspurn 5

„Já, umræður voru í gangi bæði, við aðila Sýnar og Skjás 1. Þær leiddu í ljós að uppsetning og búnaður fyrir hvora stöð lægi í um kr. 800.000 – 1.300.000 sem væri í sjálfu sér yfirstíganlegt. Það sem er að öllu leyti verra er að greiða þarf milli 50.000 – 70.000 í dreifikostnað á mánuði fyrir það að sjá fyrrnefndar sjónvarpsstöðvar. Þessar vikurnar er hópur aðila, s.s. atvinnumálanefndar Ísafjarðar og fyrirtækisins Snerpu að kanna möguleika á því að setja á stofn og reka rekstrareiningu sem mundi sérhæfa sig í að dreifa efni ljósvakamiðla til Súðavíkurhrepps, Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstað. Miklar vonir eru bundnar við að sú vinna skili okkur því, að innan hóflegs tíma munum við hafa aðgengi að þessum sjónvarpsstöðum og fleirum“.

Fyrirspurn 6. Heitu pottarnir

„Hvernig líður heitu pottunum?“

Svar við fyrirspurn 6

„Á stefnuskrá H-Listans í kosningunum árið 2002 var það á stefnuskrá að koma upp heitum pottum við íþróttahús, samhliða því að byggja við íþróttahúsið geymslu fyrir búnað þess. Vel má misskilja þetta í stefnuskrá H-listans þar sem einungis er talað um að byggja við húsið. Síðasta vor, var farið af stað og ætlunin var að byggja við húsið en samkomulag hefur ekki náðst við arkitekt hússins. Varðandi heitu pottanna er ennþá stefnt að því að koma þeim upp við húsið. Ekki er farið að vinna í því og ekki er fyrirbyggjandi hvort gæslu þarf við pottana“.

Fyrirspurn 7. Viðbygging við íþróttahúsið

„Hvernig er staðan á viðbyggingu við íþróttahúsið?“

Svar við fyrirspurn 7

„Sama og svar við fyrirspurn nr. 6“

Fyrirspurn 8. Langeyrartjörnin

„Eitt sinn kom fram hugmynd um að styrkja tjarnarsvæðið með því að auka vatnsrennsli í hana og verja hana fyrir ágangi sjávar. Þetta var rætt þegar Ágúst var sveitastjóri. Er þessi hugmynd enn til staðar?“

Svar við fyrirspurn 8

„Langeyrartjörn er á sjóvarnaráætlun. Hef ekki heyrt hugmyndir um aukið rennsli í tjörnina, sé svæðið fyrir mér sem útivistarsvæði.“

12.1. Opnar umræður

Eftir að innsendum fyrirspurnum hafði verið svarað voru opnar umræður þar sem kostur gafst á að spyrja sveitarstjórn um allt það sem ekki hafði áður komið fram.



Umræða um sameiningu við nærliggjandi sveitarfélög

Nokkur umræða skapaðist um mögulega sameiningu við nærliggjandi sveitarfélög. Niðurstaða þess var að þátttakendur töldu ekki áhugaverðan kost að fara í viðræður um sameiningu við núverandi aðstæður þar sem ekki er að sjá að sameining muni efla Súðavíkurhrepp, hvorki atvinnulega séð, í samgöngumálum eða út frá byggðalegum sjónarmiðum. Né liggja nærliggjandi sveitarfélög landfræðilega þannig séð að kostir sameiningar sé fyrir hendi. Mikil vinna er í gangi innan sveitarfélagsins til að efla það enn frekar og á þessum tímapunkti því ekki talið ákjósanlegt að fara í viðræður um sameiningu.

Almennt voru þátttakendur á því að frekari samvinna við nærliggjandi sveitarfélög væri af hinu góða.

13.1. Áfram veginn

Á íbúáþinginu **“Til móts við nýja tíma”** mátti merkja almenna ánægju þátttakenda. Með þinginu steig sveitarstjórn Súðavíkurhrepps það mikilvæga skref að bjóða til opnara samráðs um framtíðarsýn sveitarfélagsins. Þingið var mjög árangursríkt og var góður vettvangur fyrir íbúa sveitarfélagsins til að láta í ljós skoðanir sínar og verða þannig þátttakendur í að móta samfélagið sem við búum og störfum í.

Að lokum er þeim þakkað er sóttu íbúáþingið og þeirra framlag í vinnuhópunum, að ógleymdum nemendum sem tóku virkan þátt í þinginu. Öllum bar saman um að umræðan hafi verið málefnaleg og vinnan innan hópanna faglega unnin. Í þingslit var keflinu þ.e. leiðbeinandi niðurstöðum málefnaþópanna komið yfir til sveitarstjórnar til frekari vinnslu.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um næsta íbúáþing, en eins og þátttakan var og af áhuganum, má ætla að annað íbúáþing verði haldið aftur fyrir lok kjörtímabilsins, kannski fyrr.

Þá yrði farið yfir stöðuna og athugað hvað hefði áunnist, hvar við stöndum og hvar næstu áherslur okkar ættu að liggja.